

Textílmennt		2. bekkur
<b>Kennari:</b> Stella Björk Einaradóttir <b>Tímafjöldi:</b> 1 kennslustund á viku hálfan veturinn		
<b>Menntagildi námsgreinar:</b>  Allir hafa hæfileika til að skapa. Í textílmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir veiga og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efnis og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.  Í textílmennt eru lykilþættirnir skapandi hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð og mat á eigin námi.		
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
<b>Handverk</b>	<b>Nemandi getur:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</li> <li>• unnið úr nokkrum gerðum textílefna.</li> <li>• unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur kynnast og þjálfast í að nota áhöld sem tilheyra greininni.</li> <li>• Nemendur þjálfast í einföldum útsaumssporum.</li> <li>• Áhersla lögð á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.</li> </ul>
<b>Sköpun, hönnun og útfærsla.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.</li> <li>• skreytt textílverk á einfaldan hátt.</li> <li>• lýst mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna með flísefni, tróð og ýmis konar skreytiefni.</li> </ul>
<b>Menning og umhverfi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá mismunandi hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.</li> <li>• þekkt nokkrar algengar tegundir textílefna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið er með margvíslegt hráefni.</li> <li>• Nemendur vinna verkefni úr efnisafgöngum.</li> </ul>

**Námsmat:**

Leiðsagnarmat fer stöðugt fram og felst í því að nemandi fær endurgjöf, leiðbeiningar og hvatningu meðan á vinnu stendur. Einnig er mat lagt á virkni og áhuga nemanda.